

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 160/2001

frá 18. janúar 2002

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2000 frá 28. janúar 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/310/EB frá 4. apríl 2001 um meginreglur fyrir aðila sem vinna utan dómstóla að úrlausn deilumála sem varða neytendur⁽¹⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 18. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/257/EB) í XIX. viðauka við samninginn:

„19. **32001 H 0310:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/310/EB frá 4. apríl 2001 um meginreglur fyrir aðila sem vinna utan dómstóla að úrlausn deilumála sem varða neytendur (Stjtið. EB L 109, 19.4.2001, bls. 56).“

2. gr.

Texti tilmæla 2001/310/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 103, 12.4.2001, bls. 26 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 20, 12.4.2001, bls. 146.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 109, 19.4.2001, bls. 56.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 19. janúar 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 18. janúar 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

B. Grydeland

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.